

**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

frá 19. janúar 1999

**um breytingu á ákvörðun 95/232/EB um tilhögun tímabundinnar tilraunar samkvæmt tilskipun ráðsins 69/208/EBE til að ákvarða hvaða skilyrði frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfi að uppfylla***(tilkynnt með númeri C(1999) 74)*

(1999/84/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/72/EB<sup>(2)</sup>, einkum 12. gr. a,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 95/232/EB<sup>(3)</sup>, eins og henni var breytt með ákvörðun 98/173/EB<sup>(4)</sup>, var innleidd tímabundin tilraun með sérstökum skilyrðum í þeim tilgangi að setja skilyrði sem frá blendinga og samsettra afbrigða repju og akurfrækáls þurfa að uppfylla.

Í ljósi þeirrar reynslu sem fékkst með tilrauninni, sem lýkur 31. desember 1998, þarf að safna fleiri upplýsingum á vettvangi bandalagsins, þannig að hægt sé að draga ályktanir með tilliti til hugsanlegra síðari breytinga á ákvæðum bandalagsins.

Það er því æskilegt að framlengja tímabil tilraunarinnar með sömu skilyrðum í þeim tilgangi að meta hvort breytingar skuli gerðar á ákvæðum bandalagsins síðar meir.

Brynt er að samfelldni tilraunarinnar verði ekki rofin.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um frá og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMPYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað „31. desember 1998“ í 3. og 5. mgr. 5. gr. ákvörðunar 95/232/EB komi „31. desember 2000“.

*2. gr.*

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda 31. desember 1998.

*3. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. janúar 1999.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*<sup>(1)</sup> Stjttúð. EB L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.<sup>(2)</sup> Stjttúð. EB L 304, 27. 11. 1996, bls. 10.<sup>(3)</sup> Stjttúð. EB L 154, 5. 7. 1995, bls. 22.<sup>(4)</sup> Stjttúð. EB L 63, 4. 3. 1998, bls. 30.